



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1132  
komudagur 19.12.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012 R2012120025  
T-ums 23/12

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 502. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 18. desember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að tekjuskattshlutfall þess lögaðila sem ívilnunar samningur er gerður við verði 18% í stað 20% sem nú er. Þá er að sama skapi lagt til að afsláttur af almennu tryggingagjaldi verði aukinn úr 20% í 50%. Þannig verði almennt tryggingagjald þess félags sem nýtur afsláttarins 50% lægra en það sem tryggingagjaldslög kveða á um.

Að mati ríkisskattstjóra er um pólitíska ákvörðun að ræða og af þeim sökum eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið. Minnt er þó á mikilvægi þess að jafnræði aðila sé tryggt.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir